

Ár 2014, þriðjudaginn 11. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, kveðinn upp í máli nr. S-720/2013:

Ákærvaldið

*(Alda Hrönn Jóhannsdóttir)*

gegn

Aðalsteini Aðalsteinssyni

*(sjálfur)*

svofelldur

**d ó m u r :**

Mál þetta, sem þingfest var 26. september 2013 og dómtekið 4. febrúar sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum, dagsettri 12. ágúst 2013, á hendur Aðalsteini Aðalsteinssyni, kt. 000000-0000, Kaplaskjólsvégi 93, 107 Reykjavík,

„fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, með því að hafa að kvöldi föstudagsins 18. janúar 2013, haft í vörslum sínum, í sölu- og dreifingarskyni, samtals 45 stk. kannabisplöntur og 3.589,55 g af kannabislaufblöðum í tveimur herbergjum og hafa um skeið fram til þess dags ræktað greindar plöntur, er lögregla fann við húsleit í leiguhúsnæði ákærða að Skógarbraut 1106, íbúð 3A á Ásbrú, Reykjanessbæ.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 2., sbr. 4., sbr. 5. og 6. gr., laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess krafist að framangreind 45 stk. af kannabisplöntum og 3.589,55 g af kannabislaufblöðum sem hald var lagt á umrætt sinn, verði gerð upptæk samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni. Auk þess er krafist að ákærða verði gert að sæta upptöku á haldlögðum búnaði og áhöldum til framleiðslu fíkniefna, með vísan til 7. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.“

Í gögnum málsins liggur fyrir matsgerð rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði Háskóla Íslands frá 14. mars 2013. Kemur þar fram að magn tetrahýdrókannabínóls í þurru sýni hafi verið 9,7 mg/g, sem samsvari 8,8 mg/g í sýninu fyrir þurrkun. Í annarri matsgerð frá sama tíma vegna rannsóknar á plöntuhlutum segir að magn tetrahýdrókannabínóls í þurru sýni hafi verið 34 mg/g, sem samsvari 10 mg/g í

sýninu fyrir þurrkun. Í fyrri matsgerðinni kemur fram að kannabislaufin sem ákærði var með, rúmlega 3,5 kg, innihéldu lítið magn tetrahýdrókannabínóls.

Ákærði kom fyrir dóminn við þingfestingu málsins og óskaði eftir því að Stefán Karl Stefánsson hdl. yrði skipaður verjandi sinn, sem var gert. Í það þinghald mætti, fyrir hönd Stefáns Karls, Jón Bjarni Kristjánsson hdl. Óskaði ákærði eftir fresti til að taka afstöðu til ákærunnar og var málinu frestað í því skyni til 11. október 2013. Þann dag var hvorki mætt af hálfu ákærða né verjanda hans. Var ný fyrirtaka ákveðin 30. október 2013 en sú fyrirtaka féll niður. Var ný fyrirtaka ákveðin 14. nóvember 2013 og boðað til hennar í tölvupósti til verjandans. Var boðun í þinghaldið staðfest af ritara verjandans og tilkynnt í tölvupóstinum til dómsins að boðunin væri bókuð hjá lögmanninum. Klukkustund fyrir boðaða fyrirtöku sendi ritari verjandans tölvupóst til dómars og kvað verjandann vera staddan á Ísafirði og því ekki geta mætt í dóminn. Mætti ákærði ekki heldur í þinghaldið. Var málinu frestað til 20. nóvember og endurrit þingbókar frá 14. nóvember send verjandanum í tölvupósti. Hvorki var mætt af hálfu verjandans né ákærða í það þinghald. Var ný fyrirtaka ákveðin 3. desember 2013. Mætti ákærði og verjandi hans í þá fyrirtöku og játaði ákærði þá að hafa haft umrædd efni í vörslum sínum en neitaði að það hafi verið í sölu- og dreifingarskyni. Þá samþykkti hann upptöku efnanna. Var aðalmeðferð ákveðin þann 4. febrúar 2014 kl. 9.15. Mætti ákærði í aðalmeðferð málsins en ekki verjandi hans og kvaðst ákærði ekkert hafa heyrt í honum frá síðustu fyrirtöku 3. desember sl. Boðaði verjandinn ekki forföll. Við upphaf aðalmeðferðar óskaði ákærði eftir því að skipun verjanda síns yrði felld niður og kvaðst hann ekki óska eftir nýjum verjanda. Að gættum ákvæðum 1. mgr. 114. gr. laga nr. 88/2008 óskaði ákærði eftir því að breyta afstöðu sinni til ákærunnar og kvaðst hafa haft efnin í dreifingarskyni þar sem hann hafi reykt með vinum sínum en ekki í söluskyni. Að öðru leyti játaði hann sök. Að þessu virtu óskaði sækjandi eftir því að falla frá þeirri háttsemi að ákærði hafi haft efnin í söluskyni.

Með því að ákærði játaði brot sitt skýlaust, eins og ákærinni hafði verið breytt, og dómari taldi ekki ástæðu til að draga í efa að játning hans væri sannleikanum samkvæm, var farið með málið að hætti 1. mgr. 164. gr. laga nr. 88/2008 og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun refsingar. Játning ákærða er í samræmi við önnur gögn málsins og verður hann því sakfelldur fyrir brot sitt, sem er réttilega fært til refsíákvæða í ákærinni. Ákærði krafðist vægustu refsingar sem lög leyfa. Var leiðbeiningarskyldu gætt þar sem ákærði er ólöglerður.

Ákærði á nokkurn sakaferil að baki til ársins 2004 en hefur ekki verið gerð refsing eftir þann tíma. Hafa brot ákærða ekki áhrif við ákvörðun refsingar nú. Með hliðsjón af játningu ákærða og því magni fikniefna sem ákærði var með og því að efnin voru í dreifingarskyni er refsing ákærða nú ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Með vísan til skýlausrar játningar ákærða þykir rétt að skilorðsbinda refsinguna og skal hún niður falla að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður ákærða gert að sæta upptöku efna eins og greinir í dómsorði. Að auki verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar sem er samkvæmt yfirliti 164.762 krónur.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 223. gr. laga nr. 88/2008 má ákveða sekt á hendur verjanda fyrir að valda af ásetningi óþörfum drætti á máli. Samkvæmt d-lið sama ákvæðis

má ákveða verjanda sekt fyrir að misbjóða virðingu dómsins með framferði í þinghaldi. Ákæra í máli þessu var þingfest 26. september 2013 og eins og rakið hefur verið var málið tekið fyrir í dómsal að ákærvaldinu viðstöddu sex sinnum og af verjanda eða fulltrúa tvisvar sinnum. Í eitt skipti sendi skrifstofa verjanda tölvupóst og boðaði forföll klukkustund fyrir boðaða fyrirtöku og var verjandi þá staddur á Ísafirði. Var sá póstur ekki sendur á sækjanda í málinu sem mætti við fyrirtökuna. Þá var sú háttsemi verjandans að mæta ekki á dómþing við aðalmeðferð málsins til þess fallin að misbjóða virðingu dómsins. Þrátt fyrir bókun í þinghaldi þann 14. nóvember sl., að dómari telji vinnubrögð verjandans ámælisverð, þar sem hann hvorki hafi haft milligöngu um að ákærði mætti sjálfur í nokkur boðuð þinghöld, né fengið annan lögmann til að mæta fyrir sig eða óska eftir skipun annars verjanda, lét hann sér ekki segjast. Telur dómurinn óhjákvæmilegt annað en að verjandanum verði af þessum ástæðum gerð sekt í ríkissjóð sem er ákveðin 300.000 krónur.

Ástríður Grímsdóttir kveður upp dóm þennan.

### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, Aðalsteinn Aðalsteinsson, skal sæta fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði sæti upptöku á 45 stk. af kannabisplöntum og 3.589,55 g af kannabislaufblöðum auk haldlagðs búnaðar og áhalda til framleiðslu fikniefna.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, samtals 164.762 krónur.

Stefán Karl Kristjánsson hdl. greiði 300.000 krónur í sekt til ríkissjóðs.

Ástríður Grímsdóttir.

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómur Reykjaness 11.2. 2014.